

19. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 5.9. 2023, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Mættur til fundar vegna 1. liðs Jónas Hafþór Jónsson.

1. Hengifosshús
2. Vinnuklasi
3. Samningur um byggðakjarna í Hamborg
4. Fögur framtíð
5. Bændaferð/íbúðaferð
6. Réttardagur/Fljótsdalsdagur
7. Vegur í frístundabyggð Víðivalla ytri 1
8. Kröflulína 3. Vettvangsferð
9. Fjallskilamál
10. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga
11. Málþing á Raufarhöfn um brothættar byggðir
12. Skoðunarferð skipulagsfulltrúa
13. Hjólabókin um Austurland
14. Skýrsla sveitarstjóra
15. Önnur mál

1. Hengifosshús

Byggingarstjóri kynnti stöðu húsbyggingar við Hengifoss og fór yfir uppfærða verkáætlun. Til skoðunar er að stækka bílastæðið. Jónas vék af fundi kl 14:03.

2. Vinnuklasi

Sveitarstjórn hvetur áhugasama aðila að koma saman og sjá hvaða leiðir eru færar í byggingu á atvinnuhúsnæði. Sveitarfélagið getur boðið fram lóð að loknu deiliskipulagi á Végarðslóð.

3. Samningur um byggðakjarna í Hamborg

Undirritaður hefur verið samningur við landeigendur um byggðakjarnann. Í framhaldi af þinglýsingu verður hafist handa við aðalskipulag, deiliskipulag og fornleifaskráningu.

4. Fögur framtíð

Ákveðið að sveitarstjórn fari í endurskoðun á stefnumótunarvinnu.

5. Bændaferð/íbúáferð

Áhugi sveitunga er að fara í fræðsluferð um Norðurland. Væri gaman að einnig verði farið til Grenivíkur. Dagrún Drótt Valgarðsdóttir og Brynjar Darri S. Kjerúlf hafa boðið sig fram í að skipuleggja ferðina. Sveitarstjórn fagnar frumkvæði viðkomandi aðila að hugmyndinni.

6. Réttardagur/Fljótsdalsdagur

Á vegum Droplaugar hið Fljótsdælzka handverksfélags hefur verið skipulagt réttarball í Végarði laugardaginn 16. September. Hljómsveitin Hátt upp til hlíða spilar fyrir dansi og hefst dansleikurinn kl. 22:00.

7. Vegur í frístundabyggð Víðivalla ytri 1

Jóhann vék sjálfur af fundi. Styrk til vegaframkvæmda er hafnað en sveitarstjórn bendir á að landeigandi geti sótt um umhverfis og framkvæmdastyrk til sveitarfélagsins. Jóhann kom aftur til fundar.

8. Kröflulína 3. Vettvangsferð

Jóhann fór í vettvangsferð með Landsneti 22. ágúst 2023 ásamt byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Sveini Þórarinssyni að skoða stöðu framkvæmda við Kröflulínu 3. Farið var í námu á Norðastafelli. Frágangi við námuna er ekki lokið og er hún hættuleg eins og hún er. Það er þverhnípi í námunni sem má ekki vera (halli má ekki vera meiri en einn á mótí þremur). Landsnet stefnir á að gera úrbætur á þessu og að minnka umfang námunnar. Þar eru einnig járnmöstur sem þarf að fjarlægja. Stefnir er á að ganga frá námunni þegar framkvæmdum er lokið í samstarfi við byggingarfulltrúa (ekki er ætlunin að loka námunni) . Einnig var farinn línuvegurinn norður að Þrímelum. Rætt var um að taka rennur úr veginum þar sem þær eru og sitja þúkk í staðinn, þá er síður hættu á úrrennsli. Laga þarf vegkanta á stöku stað. Náman í Sandskeiði var ekki skoðuð, en þar þarf að skoða hvernig frágangurinn er. Rætt var um hvernig staðið verður að endurheimtu gróðurs- og votlendis sem varð fyrir raski á heiðinni við

framkvæmdirnar. Framkvæmdir standa enn yfir og er verið að skipta um möstur á Kröflulínu 1. Í Vallþjófstaðafjalli og þar er frágangi ekki lokið. Landsnet mun hafa samráð við byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Svein Þórarinsson og sérfræðing Umhverfisstofnunar Björn Stefánsson um allan frágang varðandi þessar framkvæmdir.

9. Fjallskilamál

Anna Jóna vék af fundi, hún var talin vanhæf. Sveitarstjórn óskar eftir að breyta greiðslum vegna fjárflutninga úr öðrum sveitarfélögum. Hugmyndin er að breyta greiðslum í dagsverk. Ákveðið að fela fjallskilanevnd hvernig væri best að skipta dagsverkunum niður. Erindi frá Jósef Valgarði Þorvaldssyni dags. 27. ágúst 2023 um að fá greitt fyrir að sækja fé í Skjögrastaðarétt er hafnað. Samþykkt að greiða fyrir að sækja fé í Geitdalsrétt 10. sept, Lynghól og Þorvaldsstaði 17. sept og 7. okt. Aðeins verður greitt fyrir kílómetragjald fyrir alla fjárflutninga. Kílómetragjald fyrir fjárflutninga árið 2023 er kr. 250 Pr. Km. bíll og kerra. Óskað var eftir við sveitarstjórn að láta laga girðingu við réttina á Sturluflöt. Sveitarstjóra falið að tala við ábúanda vegna viðhaldsins. Fundargerð fjallskilanevndar dags. 24. Ágúst 2023 er kynnt. Ákveðið að greiða fyrir 4 dagsverk við smölun í Kiðafelli samkv. beiðni. Anna Jóna kom aftur til fundar.

Anna Jóna vill koma á framfæri eftirfarandi: að hún sé andvíg lækkun á greiðslum vegna sauðfjárflutninga.

10. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Fulltrúar Fljótsdalshrepps á fjármálaráðstefnu 2023-2024 verða Helgi, Halla og Lárus.

11. Málþing á Raufarhöfn um brothættar byggðir

Áhugi er fyrir að mæta en óákveðið hverjir það verða. Ákvörðun tekin síðar.

12. Skoðunarferð skipulagsfulltrúa

Kynnt.

13. Hjólabókin um Austurland

Samþykkt að styrkja útgáfu á hjólabókinni, bók nr. 7 sem er um Austurland eftir Ómar Smára Kristinsson um kr. 50.000.

14. Skýrsla sveitarstjóra

Örnefnaskráning hefur ekki verið kláruð í sveitarfélaginu. Ákveðið að halda opna vinnufundi með íbúum í Végarði í samstarfi við Skúla Björn Gunnarsson. Fyrirhugað er að hittast 2x í mánuði og þá verða tekin fyrir ákveðin svæði og merkt af staðkunnugum.

Núverandi endurskoðandi klárar bókhaldsárið.

Tveir rampar hafa verið settir upp við Végarð í tengslum við verkefnið Römpum upp Ísland.

Sameiginleg skjalavarsla eða skráning er í skoðun í samstarfi við Héraðsskjalasafnið og Gunnarsstofunun ásamt sveitarfélaginu.

Úttekt á Végarði hjá Heilbrigðiseftirliti 30. Ágúst 2023 og kom vel út.

Samþykkt að fá ráðgjafa frá Árteigi til að skrafs og ráðagerða um smávirkjanir.

Sagt frá fundi sveitarstjórna á Austurlandi með ríkisstjórn í síðustu viku.

15. Önnur mál

Kjartan kynnti nýja hugmynd af léttum slökkvibúnaði. Til stendur að fara í ferð til Eistlands að kynna sér búnaðinn betur í samstarfi við fleiri aðila.

Bréf barst frá Stígamótum og það var kynnt.

Fundi slitið kl: 18:20

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti